

## Reglugerð um Menningarsjóð Reykjanesbæjar

### 1. grein.

Sjóðurinn heitir Menningarsjóður og er í umsjón Menningarráðs Reykjanesbæjar.

### 2. grein

Sjóðurinn er tengdur Manngildissjóði Reykjanesbæjar og starfar fyrst og fremst samkvæmt reglugerð hans, en að öðru leyti eftir því sem fram kemur í reglugerð þessari.

### 3. grein

Fjárframlag til sjóðsins er samkvæmt fjárhagsáætlun ár hvert úr Manngildissjóði, auk þess sem sjóðurinn tekur við frjálsum framlögum sem ætluð eru til menningarmála í Reykjanesbæ.

### 4. grein

Menningarráð, að höfðu samráði við framkvæmdastjóra menningarsviðs, afgreiðir umsóknir um alla styrki til menningarmála fyrir hönd bæjarstjórnar. Umsóknnum skal skilað til menningarsviðs. Styrkjum skal úthlutað einu sinni á ári samkvæmt reglum Manngildissjóðs.

### 5. grein

Menningarráð getur í samráði við framkvæmdastjóra menningarsviðs haft frumkvæði að styrkveitingum og/eða viðurkenningum til félaga, fyrirtækja eða einstaklinga ef það er álit ráðsins og framkvæmdastjóra menningarsviðs að viðkomandi hafi stuðlað með einum eða öðrum hætti að framgangi menningar í Reykjanesbæ.

### 6. grein

Markmið verkefna og áætlanir um framkvæmd þeirra skulu vera skýrar og raunhæfar hvað varðar kostnað, tímasetningar og kröfur til ábyrgðarmanna. Listrænt og/eða fræðilegt gildi verkefnisins þarf að vera ljóst. Sýnt skal fram á að styrkurinn sé líklegur til að efla menningarstarfsemi í Reykjanesbæ. Styrkurinn afhendist að verkefninu loknu og verkefnið skal unnið á því fjárhagsári sem úthlutað er, annars fellur styrkurinn niður.

Endurskoðuð og samþykkt 17. apríl 2013